



Handbók foreldrarölds

**Leiðarvísir og gagnlegar upplýsingar
fyrir foreldrarölt í Kópavogi!**





Foreldrarölt

Foreldrarölt myndar tengsl og stuðlar að auknu samtali milli foreldra í hverfinu. Með því að taka þátt í foreldrarölti þá kynnist maður hverfinu og öðrum foreldrum á annan hátt. Foreldrarölt getur líka haft uppbyggileg og jákvæð áhrif á það félagslega umhverfi sem börn hverfisins búa í.

Verklagsreglur foreldrarölt

Tilgangur foreldraröls er m.a. að kanna hvar unglingarhópar halda sig eftir að leyfður útivistartími er liðinn, kanna hvernig ástandið er á þeim og hvað þeir eru að gera. Ef um miklar hópmyndanir er að ræða er reynt eftir fremsta megni að koma unglíngunum heim. Foreldrar spjalla við hópinn og hvetja þau til heimferðar. Ef unglíngarnir taka ekki tiltali er haft samband við lögreglu og hún kölluð til ef þurfa þykir. Þá er einnig gott að hafa auga með því hvort sölumenn með óæskilegan varning séu að leggja sínar leiðir að unglíngahópum.

Foreldrarölt getur minnkað líkurnar á því að unglíngar lendi í aðstæðum þar sem þeim líður illa eða eru í hættu!

Markmið með foreldrarölti:

- Vera sýnileg og skapa gagnkvæmt traust.
- Virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna- og unglínga.



- Safna saman upplýsingum sem gefa mynd af núverandi lífsskilyrðum unglínga og koma þeim á framfæri við samstarfsaðila.
- Stuðla að reglum um útivistartíma sé framfylgt í samstarfi við lögreglu og barnaverndaryfirvöld.
- Ræða málin í átt til lausnar og setja sig í samband við lögreglu eða foreldra/forsjáraðila ef þurfa þykir.
- Benda lögreglu á eftirlitslaus samkvæmi, á hópá og einstaklinga sem eru undir einhverskonar áhrifum eða sýna óæskilega hegðun, hópamyndanir eða ofbeldi.

Gagnlegar upplýsingar

Hvað skal gera ef unglingur er í vanda?

- Ef sama barn/unglingur er ítrekað eitt á ferli eða í hóp eftir að útivistartíma þess lýkur, þá er gott að hafa samband við skólustjóra í þeim skóla sem barn sækir og hann upplýstur um stöðuna.
- Ef grunur er um að barn/unglingur er undir áhrifum áfengis eða annara vímuefna þá er mikilvægt að hafa strax samband við lögreglu eða 112.
- Ef grunur er um að barn eða unglingur er í sjálfsvígshættu eða annarri hættu þá er mikilvægt að hafa strax samband við lögreglu eða 112.
- Ef um er að ræða óæskileg hópamyndun og ógnandi hegðun í hópnum er mælt með að foreldrar stígi ekki inn í þann hóp heldur kalli til lögreglu eða 112.



Af hverju þátttaka í foreldrarölti?

Lögin um útivistartíma kveða á um að börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00, **nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.** Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Þessi lög miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

En afhverju ættu foreldrar að fara út og skilja sín börn eftir heima sem mega ekki fara út á þessum tíma til að taka þátt í foreldrarölti að fylgjast með öðrum börnum og unglingum? Þátttaka þín hefur nefnilega jákvæð áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem börnin þín og vinir þeirra búa við. Foreldraröltið býr til gott tengslanet og samskipti meðal foreldra/forsjáraðila í hverfinu. Sýnileiki fullorðinna er líka talin ein besta forvörn gegn óæskilegri hópamyndun unglunga. Öryggi hverfisins er líka samfélagsleg ábyrgð og því meiri sýnileiki í hverfinu því betri forvörn gegn óæskilegri hópamyndun, vímuefnaneyslu eða ofbeldi.

Útivaktir félagsmiðstöðva

Útivakt starfsfólks félagsmiðstöðva starfar að jafnaði annað hvert föstudagskvöld frá kl. 22:00 – 02:00 frá september til maí, einnig er útivakt ef tilefni er til s.s. við próflok, eftir viðburði eða ef fréttist af mikilli hópmyndun eða öðru. Foreldrarölt getur haft samband við útivakt félagsmiðstöðva í síma **618-7766** til ráðgjafar og til að koma upplýsingum á leiðis. Einnig er gott að fá upplýsingar hjá starfsfólki félagsmiðstöðvar áður en lagt er af stað.

Verkefni útivaktar er að aka um hverfi bæjarins og kanna hvort eða hvar unglingarhópar halda sig eftir að leyfður útivistartími er liðinn, kanna hvernig ástandið er á þeim og hvað þeir eru að gera. Ef um miklar hópmyndanir er að ræða



er reynt eftir fremsta megni að koma unglíngunum heim. Starfsfólkið fer inn í unglíngahópana, spjallar og hvetur þau til heimferðar. Ef unglíngarnir taka ekki tiltali er haft samband við lögreglu og hún kölluð til ef þurfa þykir. Þá hefur starfsfólk útívakta einnig auga með því hvort sölumenn með óæskilegan varning séu að leggja sínar leiðir að unglíngahópum.

Á frístundadeild menntasviðs eru starfandi níu félagsmiðstöðvar og eru þær allar staðsettar í hverjum grunnskóla í Kópavogi. Starf á vegum félagsmiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli unglínga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Félagsmiðstöðvastarfinu er jafnframt ætlað að styðja við félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun og heilbrigði. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Með því að bjóða unglíngum upp á jákvæð viðfangsefni í frítímanum með sterkum fyrirmyndum aukast líkur á því að þau kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Í félagsmiðstöðvastarfi er áhersla lögð á forvarnir gegn óæskilegri hegðun en í þeim reglum sem gilda í starfi félagsmiðstöðva er t.d. skýr afstaða tekin gegn allri vímuefnaneyslu og annarri neikvæðri og/eða óæskilegri hegðun.

Yfir vetrartímann er opnunartími félagsmiðstöðva á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00-22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Auk þess eru dagopnanir sem skipulagðar eru eftir viðverutíma forstöðumanns og starfsfólks í hverri félagsmiðstöð. Yfir sumartímann er opið mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:00-22:00, auk dagopnana. Frekari upplýsingar um hverja félagsmiðstöð finna á heimasíðu grunnskóla í Kópavogi.

Leiðbeiningar foreldraröls

Foreldrarölt fer alla jafna fram á föstudags- eða laugardagskvöldum eða í kringum viðburði sem gætu vakið áhuga unglínga. Boðið hefur verið upp á að hittast í félagsmiðstöðinni þau föstudagskvöld sem hún er opin til að hittast, fá sér kaffi og



fá upplýsingar hjá félagsmiðstöðva starfsfólki ef einhverjar eru. Merkingar og sýnileiki foreldraröltis skiptir líka máli og mælst með að röltið sé í endurskinsvestum eða með endurskinsmerki. Á foreldrarölti er skimað eftir unglíngum og óæskilegri hegðun/hópamyndun. Ef rölt kemur að unglíngahóp þá er gott að byrja á að ræða við þau á vinalegum nótum og hvetja þau til heimferðar þar sem að útivistartíminn er liðinn. Ef um er að ræða t.d. vímuefnaneyslu, ofbeldi eða eitthvað annað ólöglegt skal hringja strax á lögreglu. Þegar hringt er til lögreglu er gott að kynna sig sem hluta af foreldraröltinu og hvaðan það kemur. Mikilvægt er að foreldrar gæti að öryggi sínu líka og stígi ekki inn í aðstæður sem þeir hafa ekki stjórn á. Foreldrarölt er ekki hugsað sem inngripsvald, heldur til taks ef unglíngarnar þurfa á ykkur að halda. Umhyggja og hlýja skal höfð að leiðarljósi ef unglíngar nálgast ykkur.

Að rölti loknu er mikilvægt að skrifa skýrslu og skila til röltstjóra. Skýrslurnar skipta máli til að skrásetja stöðuna í hverfinu. Mikilvægt að þeir sem sinna foreldrarölti ræði ekki málefni þeirra einstaklinga eða atvika sem þið verðið vitni að á röltinu. Einungis skal tilkynna til viðeigandi stofnana eða aðila ef alvarleg atvik koma upp, má þar nefna lögreglu, barnavernd, skólann eða félagsmiðstöðina. Einstaklingar sem vinna innan þessara stofnana eru öll bundin trúnaði og geta sett málið í viðeigandi farveg. Sömuleiðis er ekki mælt með að teknar séu myndir af börnum og unglíngum í foreldrarölti nema með þeirra samþykki.

Símanúmer

Neyðarlínan	112
Lögreglan	112 (Biðja um samband við varðstjóra á stöð 3)
Bakvakt barnaverndar í Kópavogi	112 (Biðja um samband við bakvakt barnaverndar)



Útivaktarsími frístundadeildar	618-6677
Amanda K. Ólafsdóttir deildarstjóri frístundadeildar	665-2189
Sunna Rut Garðarsdóttir Dimma/Vatnsendaskóli	696-1630
Halldór Hlöðversson Kjarninn/Kópavogsskóli	696-1623
Jóhanna Aradóttir Ekkó/Kársnesskóli	696-1620
Nikulás Árni Þorkelsson Pegasus/Álfhólsskóli	696-1622
Sindri Már Ágústsson Kúlan/Hörðuvallaskóli	696-1631
Laufey Sif Ingólfssdóttir Jemen/Lindaskóli	696-1625
Tinna Heimisdóttir Fönix/Salaskóli	696-1627
Guðrún Svava Baldursdóttir Þeba/Smáraskóli	696-1624
Sigurður Pálmarsson Igló/Snælandsskóli	696-1621

